

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 11. október 2021 í máli nr. 24/2021

Kærunefndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 4. mars 2021 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða sér alls 56.086 krónur í kjölfar afbókunar á fyrirhugaðri leigu á bifreið, auk endurgreiðslu málskotsgjalds til kærunefndarinnar.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfum, dags. 31. mars 2021 og 28. apríl 2021, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Boðið var ítrekað með með ábyrgðarbréfi þann 21. maí 2021, sem var endursent til nefndarinnar. Kvörtun sóknaraðila var birt fyrir varnaraðila með stefnuvotti þann 8. júlí 2021. Í birtingunni fólst boð til varnaraðila um að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Nefndinni bárust ekki andsvör frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, afrit af skriflegum samskiptum milli sóknaraðila og varnaraðila, staðfesting á greiðslu til varnaraðila, svo og afrit af skilmálum varnaraðila.

Með bréfi, dags. 3. september 2021, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili óskaði þann 15. janúar 2020 eftir leigu á bifreið í eigu varnaraðila á tímabilinu frá 9. júní 2020 til 19. júní. Sóknaraðili greiddi 65.984 krónur við bókunina. Sóknaraðili tilkynnti varnaraðila þann 10. maí árið 2020 að sóknaraðili gæti ekki nýtt sér umsamda þjónustu vegna takmarkana á möguleika sóknaraðila til að ferðast vegna útbreiðslu COVID-19 sjúkdómsins. Krafðist sóknaraðili endurgreiðslu leigugjaldsins. Svar barst frá varnaraðila þann 18. maí 2020 um að sóknaraðili hefði val um að fá 85% af upphaflegri greiðslu endurgreidda í samræmi við skilmála varnaraðila eða að fá 110% af andvirði greiðslunnar sem inneign til leigu á bifreið síðar hjá varnaraðila. Sóknaraðili óskaði í kjölfarið eftir 85% endurgreiðslu. Ítrekaði sóknaraðili kröfu sína um endurgreiðslu og barst þá svar frá varnaraðila um að beðið væri eftir möguleika á láni frá ríkisstjórninni til endurgreiðslna. Endurgreiðsla hefur ekki borist frá varnaraðila. Sóknaraðili telur að varnaraðila beri að endurgreiða leigugjaldið í samræmi við samning málsaðila.

IV

Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Sóknaraðili og varnaraðili sömdu um leigu sóknaraðila á bifreið í eigu varnaraðila þann 15. janúar árið 2020. Greiddi sóknaraðili alls 65.984 krónur til varnaraðila við staðfestingu bóknarinnar. Fyrirhuguð leiga átti að vera frá 9. til 19. júní árið 2020. Sóknaraðili afpantaði þjónustuna og krafðist endurgreiðslu þann 10. maí 2020. Þann 18. maí 2020 féllst varnaraðili á endurgreiðslu sem nemur 85% af leigugjaldinu. Endurgreiðsla hefur ekki borist frá varnaraðila.

Í skilmálum varnaraðila er greint frá möguleika á endurgreiðslu við afpöntun leigunnar. Ákvæðið er svohljóðandi:

„3) Method of payment: a) The estimated rental charges will be charged upon signing this agreement. If the order is made online, your credit card will be charged the full amount upon reservation – 85% hereof is refundable up to 48 hours before the rental period begins. [...]“

Við bókun bifreiðarinnar voru sóknaraðila samkvæmt framangreindu veittar þær upplýsingar af hálfu varnaraðila að leigugjaldið yrði endurgreitt sem nemur 85% heildargreiðslunnar ef hætt yrði við leiguna þegar meira en tveir dagar væru þar til leigutíminn átti að hefjast. Framangreint ákvæði um endurgreiðslu vegna afbókunar er skýrt án nokkurs fyrirvara um endurgreiðslur þegar skilyrðið um tímamörk afbókunar eru uppfyllt. Þegar sóknaraðili afpantaði leigu bifreiðarinnar þann 10. maí árið 2020 voru um 31 dagur þar til leigutími sóknaraðila átti að hefjast.

Er því fallist á kröfu sóknaraðila um endurgreiðslu sem nemur 85% heildargreiðslu vegna fyrirhugaðrar leigu á bifreið í eigu varnaraðila. Varnaraðila ber að endurgreiða sóknaraðila alls 56.086 krónur.

V

Úrskurðarorð

Varnaraðila, Y, ber að endurgreiða sóknaraðila, X, 56.086 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 35.000 krónur með vísan til 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson